

## Efnisyfirlit

1,0 Inngangur .....	1
2,0 Skýrsla stjórnar .....	1
2,1 Deiliskipulag urðunarsvæðisins.....	1
2,2 Meðhöndlun sláturúrgangs.....	2
2,3 Svæðisáætlun .....	2
2,4 Breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands.....	4
2,5 Fenúrferð.....	4
2,6 Meðhöndlun seyru. ....	4
2,7 Lokaorð. ....	4
3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess. ....	5
3,1 Starfsmenn .....	5
3,2 Eignaraðilar .....	5
3,3 Afkoma.....	6
3,4 Gjaldskrá .....	6
3,5 Starfsemi á urðunarsvæðinu .....	6
3,6 Sorpmagn.....	7
4,0 Ýmis verkefni .....	7
4,1 Grænt bókhald. ....	7
4,2 Landgræðsluverkefni. ....	7
4,3 Landvernd – Vistvernd í verki.....	8
4,4 Soun.....	8
4,5 Vistakstur starfsmanna – nýr sparneytinn bíll. ....	8
4,6 Tunnuvæðing í Árborg, Hveragerði og Ölfus. ....	8
4,7 Umhverfisfræðsla - slagorðakeppni í Barnaskólanum á Eyrarbakka.....	9
5,0 Viðaukar.....	9

17. mars 2006

BOMAG BC 572 RB, TROÐARI ÁRGERÐ 2006. 28,6 tonn, 303 hp.



## 1,0 Inngangur

Í þessari ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands (SOS) sem samanstendur af skýrslu stjórnar og skýrslu framkvæmdstjóra fyrir starfsárið 2005 – 2006 er fjallað um störf stjórnarinnar á milli aðalfunda 10. maí 2005 og 7. september 2006, grein gerð fyrir starfsemi fyrirtækisins á síðasta ári og einnig fjallað um ýmis þau verkefni sem fyrirtækið hefur látið til sín taka eða verið þátttakandi í með öðrum aðilum. Allar tölfræðiupplýsingar miðast við almanaksárið 2005.

## 2,0 Skýrsla stjórnar

Í stjórn á tímabilinu voru.

Aðalmenn; Einar Njálsson, formaður, Ágúst Ingi Ólafsson og Orri Hlöðversson.

Varamenn; Ingunn Guðmundsdóttir, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Guðmundur Stefánsson.

Skoðunarmenn; Bjarki Reynisson og Valtýr Valtýsson.

Frá aðalfundi hefur stjórnin haldið 11 formlega fundi auk aukaaðalfundar og annarra funda sem haldnir hafa verið um þau mál sem hafa verið á döfinni. Hér verður gerð grein fyrir þeim málum sem hafa verið á döfinni hjá stjórninni.

### 2,1 Deiliskipulag urðunarsvæðisins.

Tillögur Landform að breyttu deiliskipulagi á Kirkjuferjuháleigu voru lagðar fyrir Sorpstöð Suðurlands og Sveitarfélagið Ölfus. Eftir að gerðar höfðu verð tilteknar breytingar á texta í greinargerð með deiliskipulaginu voru tillögurnar auglýstar 15. júlí 2005. Bæjarráð Ölfus hafnaði í október öllum framkomnum athugasemdum við deiliskipulagstillögurnar var það í samræmi við álit Lögmanna Suðurlandi 25. nóvember var deiliskipulagsbreytingin samþykkt ásamt umsögn Lögmanna Suðurlandi um framkomnar athugasemdir.

Í framhaldi voru tillögurnar sendar Skipulagsstofnun til staðfestingar. Frá því í desember 2005 hafa gengið bréf á víxl milli Skipulagsstofnunar og Sveitarfélagsins Ölfus, en Skipulagsstofnun hefur gert athugasemdir og óskað eftir rökstuðningi með einstökum atriðum tillagnanna. Ölfus hefur jöfnum höndum svarað, jafnframt leitað ráðgjafar varðandi einstök atriði. Þegar þetta er ritað hefur Skipulagsstofnun ekki staðfest tillögurnar né hafa þær verið auglýstar í B- deild Stjórnartíðinda.

Í janúar 2005 kæra íbúar Grænhóls, Strýtu og Auðsholtshjáleigu "samþykkt skipulags- og byggingarnefndar og bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfus á tillögu að breyttu deiliskipulagi á sorpurðunarsvæði í landi Kirkjuferjuháleigu og á útgáfu sveitarfélagsins á framkvæmdaleyfi, hafi það verið gefið út vegna framkvæmda á svæðinu"

Úrskurðarnefnd skipulags og byggingarmála afgreiddi málið með þeim hætti að þar sem deiliskipulagstillögurnar hafa ekki verið auglýstar í B-deild hafa þær ekki tekið gildi. Framkvæmdaleyfi hefur ekki verið gefið út. Málinu var þar af leiðandi vísað frá í heild.



## 2,2 Meðhöndlun sláturúrgangs

Í apríl 2005 lokaði KB banki verksmiðju sinni í Heiðargerði 5, en þar hafði farið fram hitameðhöndlun á sláturúrgangi síðan árið 2000, í framhaldinu hófst aftur urðun á óhitameðhöndluðum sláturúrgangi á Kirkjuferjuháleigu. Fljótlega varð ljóst að ekki var hægt að halda því fyrirkomulagi áfram þar sem innvegið sorp dugði vart til að hylja sláturúrganginn og framundan var haustið með tilheyrandi sláturaukningu og minnkun á innvegnu sorpi. Ýmislegt var reynt til að leysa vandann meðal annars óskaði SOS eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins og í framhaldi sent bréf til fyrsta þingmanns Suðurkjördæmis, en þeim óskum var ekki svarað.

Í ágúst fóru viðræður við KB banka á skrið og gengu hugmyndir út á að leigja verksmiðjuna til áramóta 2006/2007. Samningar náðust við bankann um leigu og við sláturleyfishafa (S.S., Sláturhúsið Hellu og Reykjagarð) á svæðinu um að skila inn því magni er frá þeim kom á tímabilinu. Stjórngrís var með fyrstu 6 mánuðina en hóf síðan losun í Álfsnesi eins og aðrir sláturúrgangseigendur á höfuðborgarsvæðinu. Samdráttur í innvegnu magni til verksmiðjunar veldur því að hækka þarf móttökugjöld. Til að koma á móts við sláturleyfishafa lækkaði SOS gjaldskrá fyrir meðhöndlaðan sláturúrgang um 20 %. Fyrstu 4 mánuðir gengu samkvæmt áætlun en endurskoðuð rekstraráætlun frá í maí sýnir halla á verkefninu. Eitt af markmiðum verkefnisins er að ljúka því án hagnaðar eða taps. Rætt hefur verið við sláturleyfishafa á svæðinu um áætlað sláturúrgangsmagn og hækkun á móttökugjöldum. Ný áætlun er í vinnslu sem byggir á nýjum upplýsingum um magn og 0,5 kr/kg hækkun móttökugjalda. Ráðgert er að fara í viðræður við sláturleyfishafa, kjötvinnslur og banka í september og ræða þá framhald verkefnisins en samningur um leigu á verksmiðjunni rennur út um áramót eins og áður hefur komið fram.

## 2,3 Svæðisáætlun

Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs var gefin út af Umhverfisstofnun 28. apríl 2004 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgagns.

Páll Guðjónsson verkefnisstjóri og Garðar Halldórsson komu á stjórnarfund 24. maí 2005 og kynntu vinnu við svæðisáætlun fyrir stjórn og nokkrum fulltrúum aðildasveitarfélaganna sem komu á fundinn.

Pann 20 júlí var tekin fyrir tillaga að sameiginlegri svæðisáætlun 2005 sem unnin var í framhaldi af samstarfssamningi fjögurra sorpsamlaga frá 29. desember 2004.

Áætlunin er unnin í samræmi við ákvæði 4. greinar laga nr. 55/2003 og reglugerðar nr. 738/2003, sem skylda sveitarfélög til að setja fram svæðisáætlanir um meðhöndlun úrgangs sem taka mið af markmiðum laganna og landsáætlun Umhverfisstofnunar fyrir 1. apríl 2005.

Svæðisáætlunin felur í sér lýsingu á núverandi stöðu, þ.e. magni þess úrgangs sem fellur til, flokkun hans, uppruna og flæði, upplýsingar um fyrirkomulag á meðhöndlun úrgangs, upplýsingar um kostnað sveitarfélaga á því svæði sem áætlunin nær til við meðhöndlun úrgangs á árinu 2002, spá um líklega þróun á magni úrgangs á svæðinu til ársins 2020 og samanburð við markmið landsáætlun Umhverfisstofnunar, m.a. um minnkun á urðun lífræns úrgangs í áföngum.

Sett er fram áætlun um aðgerðir til að mæta þeim kröfum sem gerðar eru til sveitarfélaganna í lögum um meðferð úrgangs, sem og aðrar aðgerðir sem fela í sér möguleika til betri árangurs í meðhöndlun úrgangs

Kostnaður Sorpstöðvar Suðurlands. vegna framangreindrar aðgerðaáætlunar getur numið um 1 - 2 m. króna á ári næstu 3 árin, og áhrif þessa kostnaðar á gjaldskrá fyrirtækisins verða óveruleg.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands samþykkti fyrir sitt leyti fyrirliggjandi tillögu að sameiginlegri svæðisáætlun og þá aðgerðaáætlun sem í henni felst, og telur að með henni sé búið að uppfylla ákvæði 4. greinar laga nr. 55/2003 um gerð svæðisáætlunar fyrir aðildarsveitarfélögin.

Stjórnin vísaði tillögunni til aðildarsveitarfélaganna til staðfestingar í samræmi við ákvæði 4. greinar laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Eftir að haldinn hafði verði kynningarfundir á Hótel Selfoss þar sem verkefnisstjóri kynnti 30 sveitarstjórnarmönnum og fulltrúum umhverfisnefnda tillögur að svæðisáætlun staðfestu öll aðildarsveitarfélögin tillögurnar.

Svæðisáætlun var afhent umhverfisráðherra 19. desember 2005. Hverju aðildarsveitarfélagi var í framhaldi afhent nokkur eintök af skýrslunni, hana má einnig nálgast á heimasíðu Sorpstöðvarinnar.

Samningur um úrvinnslu verkefna í samræmi við aðgerðaáætlun í sameiginlegri svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 var svo undirritaður í desember. Framkvæmdastjórnar samningsaðila mynda verkefnisstjórn og hefur verið ráðinn starfsmaður verkefnisstjórnar. Samið hefur verið við fimm verkfræðistofur um vinnu við skilgreind verkefni. Helstu verkefni eru val á nýjum leiðum til förgunar lífræns úrgangs og framtíðarfyrirkomulag reksturs urðunarstaða. Eru fyrstu niðurstöður væntanlegar í október 2006.

## 2,4 Breytingar á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands

Á aukaaðalfundi Sorpstöðvar Suðurlands voru lagðar fram tillögur starfshóps að endurskoðuðum samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands bs. Tillögurnar voru samþykktar með lítillsháttar breytingum. Samþykktirnar fylgja með í aðalfundargögnum.

## 2,5 Fenúrferð

Sorpstöð Suðurlands sendi þrjá fulltrúa í haustferð Fenúr (Fagráð um endurnýtingu og úrgang) sem farin var til Englands í september 2005. Ferðin hófst á sýningu RWM í Birmingham, en um var að ræða alhliða sýningu á sviði úrgangsmála. Þar mátti sjá vélbúnað fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs, kynnst lagaumhverfi á Bretlandi og því sem er að gerast í vinnuverndar og fræðslumálum innan málaflokksins.

Því næst var Biffa í Leicester heimsótt. Biffa er með 25 ár samning um söfnun og úrvinnslu úrgangs frá íbúum borgarinnar. Biffa er einnig með ráðgjöf og fræðslu um endurvinnslu og minnkun úrgangs til almennings og fyrirtækja. Fulltrúar Biffa kynntu þær lausnir og leiðir sem þeir hafa valið fyrir borgina. Núna ná þeir um 67 % endurvinnslu og 33 % fer í urðun. Í lokin var skoðaður urðunarstaður staðsettur austur við Leicester. Staðurinn hefur verið í reksti frá 1982 og á að loka fljótlega, um er að ræða fyrrum námu sem í hafa verið urðuð 6 milljónir tonna af sorpi. Svæðið er strjálbýlt og hæðótt og er urðunarstaðurinn ein af hæðunum. Frekari upplýsingar um ferðina má finna í fréttablaði Fenúr , [www.fenur.is](http://www.fenur.is)

## 2,6 Meðhöndlun seyru.

Magn seyru frá fráveitu hreinsun sveitarfélaga og fyrirtækja hefur verið að aukast nokkuð og fyrirsjáanleg er frekari aukning á slíkum úrgangi. Takmörk eru fyrir því hversu mikið af slíkum úrgangi er hægt að meðhöndla á hverjum tíma með núverandi verklagi. Undirbúningur er hafinn að finna aðra leið fyrir fráveituúrgang sveitarfélaganna.

## 2,7 Lokaorð.

Farin er af stað öflugur undirbúningur að hönnun framtíðarlausna í úrgangsstjórnun á suðvesturhorninu. Ákvörðun um staðsetningu urðunarstaða er hluti af þeirri vinnu en sá tími sem eftir er á Kirkjuferju styttest hratt. Þessi málaflokkur er í hraðri þróun og stöðugt koma fram kröfur og nýjrir möguleikar, nærtækasta dæmið þar um er Úrvinnslusjóður. Þeim úrgangsflokkum sem lagt er á úrvinnslugjald fjölgar stöðugt. Mikilvægt er að fylgjast með allri þessari þróun og bera hana saman við þær aðstæður sem við búum við. Þannig geta sveitarfélögin mögulega dregið úr annars vaxandi kostnaði og jafnframt aukið hlutfall þess úrgangs sem ekki þarf að fara í urðun.

Töluvert vantar upp á að tekjur sveitarfélaga séu í samræmi við útlagðan kostnað vegna sorpmeðhöndlunar. Að framfylgja mengunarbótareglunni, með öðrum orðum að innheimta raunkostnað vegna sorpmeðhöndlunar hraðar úrbótum á sviði úrgangsmeðhöndlunar.

Upplýsingar um magn og kostnað hvað meðhöndlun sorps varðar eru mikilvægar forsendur og þar af leiðandi mikilvægt að reynt sé eftir fremsta megni að halda slíkum upplýsingum aðgengilegum

Að lokum þakkar stjórn og framkvæmdastjóri starfsmönnum, aðildarsveitarfélögunum og öðrum sem samskipti hafa átt við fyrirtækið fyrir samstarfið undanfarið ár.



### 3,0 Skýrsla framkvæmdastjóra, fyrirtækið og starfsemi þess.

#### 3,1 Starfsmenn

Fastir starfsmenn fyrirtækisins í fullu starfi eru þrír. Guðmundur Tryggvi Ólafsson er framkvæmdastjóri. Arnar Árnason stjórnar rekstri urðunarsvæðisins eins og hann hefur ger síðast liðin 25 ár. Með honum starfar Kristinn Sigtryggsson vélamaður. Ekki fékkst afleysingamaður á urðunarsvæðið í sumar.

#### 3,2 Eignaraðilar

Eignaraðilar Sorpstöðvar Suðurlands eru nú samtals 11. Sorpstöð Rangárvallasýslu hefur á bak við sig 3 sveitarfélög þannig að í raun eru 13 sveitarfélög á Suðurlandi sem standa að Sorpstöðinni. Eignarhlutföll, sem miðast við eigið fé Sorpstöðvarinnar um síðustu áramót, eru sýnd í eftirfarandi töflu sem og hlutdeild eignaraðilanna í eigin fé fyrirtækisins:

#### Eignarhlutföll og skipting eigin fjár í Sorpstöð Suðurlands 2005

Eignaraðilar	Íbúafjöldi (1	Eignarhlutfall	Eignarhlutur
Árborg	6.961	40,4	53.131.514
Bláskógabyggð	921	5,3	7.029.755
Gaulverjabæjarhreppur	141	0,8	1.076.217
Grímsnes- Grafningshreppur	356	2,1	2.717.256
Hraungerðishreppur	200	1,2	1.526.548
Hrunamannahreppur	767	4,5	5.854.313
Hveragerði	2.089	12,1	15.944.797
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	521	3,0	3.976.658
Sorpstöð Rangárvallasýslu	3.295	19,1	25.149.883
Villingaholtshreppur	185	1,1	1.412.057
Ölfus	1.799	10,4	13.731.302
Alls	17.235	100,0	131.550.300
<b>Eigið fé samtals</b>			<b>131.550.300</b>

1) Heimild:Hagstofa Íslands

**31. 12. 05**

### 3,3 Afkoma

Afkoma fyrirtækisins af reglulegri starfsemi var góð á síðasta ári. Rekstrarafgangur eftir afskriftir og fjármagnsgjöld og fyrir óregluleg gjöld varð um 27,3 milljónir króna. Eiginfjárstaða fyrirtækisins er sterk og er eigið fé fyrirtækisins nú rúmlega 131,5 milljónir króna. Handbært fé í árslok er um 77,6 milljónir króna og hækkar um 50,5 milljónir króna á milli ára. Staða fyrirtækisins er því traust sem er mikilvægt því miklar framkvæmdir eru framundan bæði við nýja urðunarrein , lokafrágang fullnýttra urðunarreina þegar breytt deiliskipulag hefur verið staðfest og svo við undirbúning framtíðarlausna. Mjög mikilvægt er að tryggja áframhaldandi trausta fjárhagsstöðu fyrirtækisins. Bæði til að standa með hagkvæmum hætti að kostnaðarsömum framkvæmdum og einnig til að geta brugðist við sívaxandi kröfum sem m.a. birtast í tilskipunum Evrópusambandsins sem nú hafa verið lögteknað m.a. um rekstur urðunarsvæða. Helstu ástæður meiri hagnaðar en gert var ráð fyrir er að magn úrgangs varð meira en gert hafði verið ráð fyrir og ekki var hafist handa við lokafrágang á fylltum reinum .

### 3,4 Gjaldskrá

Gjaldskrá hækkaði um síðustu áramót um 4,1 % í samræmi við verðlagsþróun samkvæmt ákvörðun stjórnar og heimild aðalfundar.

Samkvæmt samþykktum Sorpstöðvarinnar skal aðalfundur ákvarða endanlega um gjaldskrá og leggur stjórn til að hann staðfesti gjaldskrána eins og hún er nú með heimild til stjórnarinnar að hún geti endurskoðað hana og breytt ef rík ástæða þykir til.

#### Gjaldskráin er eftirfarandi:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum:	kr. 3.38 pr/kg.
Gjald fyrir ómeðhöndlaðan sláturúrgang:	kr. 6.61 pr/kg.
Gjald fyrir meðhöndlaðan sláturúrgang: -óbreytt-	kr. 4.05 pr/kg.
Gjald fyrir annað aðflutt sorp:	kr. 6.40pr/kg.
Gjald fyrir seyru:	kr. 1.35 pr/kg.
Afgreiðslugjald pr. losun:	kr. 1.057.00
Gjald fyrir trjáurlara:	kr. 2.951 pr/klst.

Allar tölur eru án 24,5 % virðisaukaskatts.

### 3,5 Starfsemi á urðunarsvæðinu

Starfsemi í Kirkjuferjuháleigu hefur á síðasta starfsári verið með venjubundnum hætti. Urðað hefur verið í rein 8 og mun hún duga fram yfir áramót. Verksmiðjan í Heiðargerði 5 hefur tekið svo til allan sláturúrgang sem fellur til á svæðinu og hefur það auðveldað daglegan rekstur. Í Kirkjuferjuháleigu er ekki almenn móttaka á sorpi, einungis er tekið á móti úrgangi frá sorphirðum og fyrirtækjum að undanskildum bændum í næsta nágrenni þar sem ekki er nálægur gámaöllum í sveitarfélaginu.

Nýr troðari var keyptu í vor. Troðarinn er af gerðinni Bomag BC 572 RB og er sá þriðji sem Sorpstöð Suðurlands kaupir síðan starfsemi hófst á Kirkjuferjuháleigu. Troðarinn gegnir lykilhlutverki á urðunarsvæðinu, en troðarinn rúmmálsminnkar sorpið, kemur í veg fyrir fok og nýtist við dreifingu þekjuefnis svo eitthvað sé nefnt.

### 3,6 Sorpmagn.

Á árinu 2005 (2004) nam innvegið magn sorps samtals 20.580 (18.747) tonnum sem er tæp 10 % aukning frá árinu 2004. Í viðauka 1 er að finna sundurliðun á þeim úrgangsstraumum sem berast til urðunar í Kirkjuferjuháleigu.

Sveitarfélögin á Suðurlandi skila samtals 13.613 (12.601) tonnum til urðunar sem er 8 % aukning frá fyrra ári, en það er þó ekki heildartala úrgangs frá sveitarfélögum í Árnes- og Rangárvallasýslum þar sem einnig fer fram urðun hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu. Tekið var við 17,2 % minna af sláturúrgangi en árið á undan. Meirihluti þess úrgangs var hitameðhöndlaður sláturúrgangur frá Kjötmjöli.

Gámafyrirtækin skiluðu 3.265 tonni sem er 54 % aukning milli ára. Helsta ástæðan er að sveitarfélögin eru í auknu mæli hætt að annast umsýslu á sorpi frá fyrirtækjum og fyrirtækin þess vegna komin í milliliðalaus viðskipti við sorphirðufyrirtæki.

Aðrir, sem eru einstök fyrirtæki á svæðinu, komu með 903 tonn sem er 40% aukning. Tróð er notað sem þekjuefni á urðunarsvæðinu. Flutt voru 4453 tonn af tróði frá Furu hf. á árinu í þessu skyni.

## 4,0 Ýmis verkefni

### 4,1 Grænt bókhald.

Sorpstöð Suðurlands hefur frá síðasta aðalfundi skilað Grænu bókhaldi til umhverfisstofnunar fyrir árin 2004 og 2005, er það gert í samræmi við ákvæði laga nr. 851/2002. Grænt bókhald er í stuttu máli samantekt á starfsemi fyrirtækisins þar sem fram kemur hversu mikið er tekið við af úrgangi og hver hráefnanotkunin er á sama tíma. Nánar um grænt bókhald árana 2004 og 2005 í viðauka 2.

### 4,2 Landgræðsluverkefni.

Í samstarfi við Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs, Landgræðslu ríkisins og Sláturfélag Suðurlands var farið í undirbúning að landgræðsluverkefni með kjötmjöl. Í stuttu máli gengu fyrirætlanir út á að dreifa kjötmjöli sem áburði á sviðflugvöllinn á Sandskeiði og á sandana vestur af Þorlákshöfn. Verkefnið fékk jákvæða afgreiðslu hjá yfirvöldum að uppfylltum ýmsum skilyrðum. Markmiðið var að kanna áburðareiginleika mjölsins, gera tilraunir með dreifingarbúnað og kostnaðarmeta þennan möguleika sem afsetningarleið á mjölinu. Endanlegar niðurstöður verða jafnvel einhver ár að koma fram en reynsla og þekking hefur orðið til.

GRÓANDI BORINN Á SVIFFLUGVÖLLINN





#### 4,3 Landvernd - Vistvernd í verki.

Verkefni á vegum Landverdar, Vistvernd í verki, hefur verið starfrækt í fimm ár. Verkefnið er miðað að heimilum og er ætlað að uppfærða heimilin um leiðir og lausnir til að draga úr álagi á umhverfið. Ekki er um átaksverkefni að ræða heldur sífelldan aflvaka góðra verka í umhverfismálum íslenskra heimila. Sorpstöðin ákvað að styrkja verkefnið með 250 þúsund króna framlagi sem væntlega skilar sér í fjölgun þátttakenda í verkefninu visthópa á Suðurlandi.

#### 4,4 Sóun

Neysluvenjur íslenskra heimila og sá úrgangur sem þar verður til hefur ekki verið mikið rannsakaður, réttara er í þessu samhengi að tala um umframneyslu eða sóun á vörum sem verða að úrgangi. Ástæður og umfang sóunarinnar eru aðalatrið samstarsverkefnis Sorpstöðvar Suðurlands, Sorpu, Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja, Neytaendasamtakanna, Landverndar og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Um er að ræða könnun á neysluvenjum og afstöðu til endurvinnslu sem send var 3000 manna slembiúrtaki. Ger er ráð fyrir að niðurstöður könnunarinnar gefi mikilvægar upplýsingar um umfang sóunar og hvernig þá mögulega megi draga úr sóun og þar með úrgangi. Eiginlega markaðrannsókn með öfugum ásetningi. (markmiðum)

#### 4,5 Vistakstur starfsmanna - nýr sparneytinn bíll.

Starfsmenn Sorpstöðvar Suðurlands hafa lokið námskeiði í vistakstri. Markmið námskeiðsins var að kynna aksturækni sem miðar að sparneytnari og öruggari akstri. Við endurnýjun á bílum SOS verður sparneytni og öryggi gefið aukið vægi. Um síðustu áramót var Subaru rekstrarleigubíll skipt út fyrir Suzuki Swift diesel sem er helmingi sparneytnari.

#### 4,6 Tunnuvæðing í Árborg, Hveragerði og Ölfus.

Sorpstöð Suðurlands og Verkfræðistofa Suðurlands önnuðust undirbúning að tunnuvæðingu í þessum þremur sveitarfélögum sem telja 10.850 íbúa. Verkefnið fólst í verðkönnun, vali og pöntun á 3600 sorptunnum ásamt 20.000 sérmerktum sorppokum. Samhliða tunnuvæðingunni voru samningar við sorphirðuaðilar endurskoðaðir og tíðni sorphirðu færð úr vikulegri hirðu á 120 lítra poka yfir í tveggja vikna hirðu á 240 lítra tunnu. Tunnunum var dreift í nóvember og desember 2005 að undangenginni ítarlegri kynningu á verkefninu. Íbúum gefst kostur á að kaupa auka tunnu eða sérmerкта poka ef þeir þurfa að losna við meira sorp. Með þessu fyrirkomulagi er verið að framfylgja mengunarbótareglunni þar sem hver greiðir kostnað í samræmi við magn eigin úrgangs.



#### 4,7 Umhverfisfræðsla - slagorðakeppni í Barnaskólanum á Eyrarbakka.

Á þemadögum í Barnaskólanum á Eyrarbakka var Sorpstöð Suðurlands með röð fyrlestra um meðhöndlun úrgangs, ástæður flokkunar og hvernig er hægt að gera betur. Á samátíma fór fram hörð keppni milli nemenda um að hanna slagorð sem hvetti til minnkunar úrgangs og aukinnar flokkunar á sorpi.

Sorpstöðin veitti svo vinningshöfunum topplyklasett í verðlaun fyrir slagorðið ;  
“Minna sorp - Betra þorp”



#### 5,0 Viðaukar

Viðauki 1; Sorpmagn til urðunar og endurvinnslu 2005.

Viðauki 2; Grænt bókhald 2004 og 2005.


NÓG AÐ GERA



## VIÐAUKI 1

Sorpstöð Suðurlands	Íbúar	Urðað (1)	Dagblöð	Fernur
	1.12.2005	Tonn	Tonn	Tonn
Ásahreppur	164	58	0	0
Bláskógabyggð	921	2.033	22,3	1,4
Gaulverjabæjarhr	141	71	0	0
Grímsnes og Grafnings	356	1.504	8,4	1,3
Hraungerðishr	200	138	0	0
Hrunamannahr	767	885	6,6	0,2
Hveragerði	2.089	2.142	40,3	1,7
Ranárþ. Eystra	1.672	550	16,7	1,1
Rangárþ. Ytra	1.459	578	18,6	1,9
Skeiða og Gnúpverjahr	521	657	4,7	0,5
Árborg	6.961	3.383	192,2	12,8
Ölfus	1.799	1.481	23,1	1,4
Villingaholtshr	185	133		
Sláturúrgangur, þar með talið kjötmjöl		2.798		
Gámafyrirtæki		3.265		
Aðrir		904		
<b>Samtals</b>	<b>17.235</b>	<b>20.580</b>	<b>332,9</b>	<b>22,3</b>

(1) Urðaður blandaður úrgangur, athugið magntölur frá Sorpstöð Rang vegna Strönd ekki innifaldar  
 Íbúar 1.des. 2005 samtals 17.235  
 4,1 % Fólksfjölgun milli 2004 og 2005  
 Ath ekki fleiri úrgangsflokkar s.s. járn, dekk og spilliefni hafðir með þar sem upplýsingar um magn hefur ekki fengist frá viðkomandi aðilum



Sorpstöð Suðurlands	Íbúar	Urðað	Dagblöð	Fernur
	1.12.2005	(1) kg/íbúa	kg/íbúa	kg/íbúa
Ásahreppur	164	354	0	0
Bláskógabyggð	921	2207	24	2
Gaulverjabæjarhr	141	504	0	0
Grímsnes og Grafnings	356	4225	24	4
Hraungerðishr	200	690	0	0
Hrunamannahr	767	1154	9	0
Hveragerði	2.089	1025	19	1
Ranárb. Eystra	1.672	329	10	1
Rangárb. Ytra	1.459	396	13	1
Skeiða og Gnúpverjahr	521	1261	9	1
Árborg	6.961	486	28	2
Ölfus	1.799	823	13	1
Villingaholtshr	185	719	0	0
<b>Meðaltal</b>		<b>790</b>	<b>19</b>	<b>1</b>

(1) Urðaður blandaður úrgangur, athugið magntölur frá Sorpstöð Rang vegna Strönd ekki innifaldar  
 Íbúar 1.des. 2005 samtals 17.235  
 Ath sumarhúsabyggð hefur áhrif þar sem sumarhúsaeigendur eru ekki skráðir íbúar.

